

BANKAHRUNIÐ EKKI RAKIÐ TIL FRELSIS

Greinagerð Sambands ungra sjálfstæðismanna
vegna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis



UNGIR
SJÁLFSTÆÐISMENN

Helstu atriði

- Ábyrgðin á hruni bankanna liggur fyrst og fremst hjá stjórnendum og eigendum þeirra.
- Enginn skortur var á lögum og reglum um starfsemi bankanna. Þeir hrundu þrátt fyrir gífurlegt regluverk.
- Ungir sjálfstæðismenn hafna öllum fullyrðingum um að hér á landi hafi frjálshyggjan kollvarpað kerfinu.
- Frelsinu fylgir ábyrgð. Það er ekki hlutverk skattgreiðenda að hlaupa undir bagga með einkafyrirtækjum.
- Það voru ekki mistök að einkavæða bankana.
- Ungir sjálfstæðismenn hafna því að skattalækkanir síðustu ára hafi verið illa ígrundaðar og illa tímasettar.
- Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á milli aukningu ríkisútgjalda síðustu ár fyrir hrun.
- Krafa um gegnsæi í styrkjámálum á fullan rétt á sér. Hins vegar er engin þörf á strangari reglum þar um.
- Stjórnarskráin og lýðræðið eru ekki áhrifavaldar í hruninu. Engin þörf er á að breyta stjórnarskránni, hvað þá að búa til nýtt lýðræði.
- Það er vanvirðing við þá sem á undan hafa gengið að tala um núverandi kreppu sem þá verstu frá upphafi byggðar.
- Núverandi ríkisstjórn getur ekki skýlt sér á bakvið það hvað kann að hafa átt sér stað í fortíðinni.
- Frelsið er enn einn mikilvægast þáttur mannlífsins. Enn ber að varast stjórnlynda menn. Baráttan fyrir frelsinu aldrei mikilvægari en nú.



Greinagerð SUS

Nú þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis hefur litið dagsins ljós er margt sem liggur skýrar fyrir en áður varðandi hrún bankakerfisins hér á landi. Ungir sjálfstæðismenn fagna útkomu skýrslunnar og telja hana að mestu leyti vel unna og gefa góða mynd af starfsemi bankanna fyrir hrún. Jafnframt gefur skýrslan góða mynd af aðgerðum – og í sumum tilfellum aðgerðaleyti – stjórnvalda í aðdraganda hrúnsins.

Ekki stendur til að fara efnislega yfir skýrsluna hér. Hún talar sínu máli og henni var að mestu gerð skil í fjölmiðlum. Þó eru einstök atriði sem bregðast þarf við og það er einlægur vilji ungra sjálfstæðismanna að gera upp við fortíðina um leið og horft er til framtíðar.

Það er ljóst af lestri skýrslunnar að fall bankanna megi fyrst og fremst rekja til óábyrgrar útlánastarfsemi og skammtímasjónarmiðum við fjármögnun þeirra. Auk þess virðast eigendur bankanna hafa haft allt að því ótakmarkaðan aðgang að sjóðum þeirra og hafi þannig haft möguleika á lánsfé án þess að leggja fram viðhlítandi veð á móti. Gróft má segja að eigendur bankanna hafi gengið um sjóði þeirra eins og um persónulega sparireikning væri að ræða. Það leiddi til hærri útlánaáhættu þeirra og ríkari kröfu um skjóta endurfjármögnun.

Við þetta bættist síðan alþjóðleg lausafjárekreppa sem rekja má m.a. til illa ígrundaðra ákvarðana bandarískra stjórnvalda um miðjan tíunda áratug síðustu aldar sem helsta snúa að því að dæla niðurgreiddu lánsfé inn á húsnæðismarkaðinn. Þessi stefna gat ekki gengið til lengdar og fór svo að þegar hallaði undan fæti í hagkerfinu fóru fjármálafyrirtæki að halda að sér höndum og hættu í kjölfarið að lána hvor öðrum.

Þegar ekki var lengur ótakmarkaður aðgangur að ódýru fjármagni frá stærstu ríkjum heims gat íslenska bankakerfið ekki endurfjármagnað sig né selt eignir til að standa straum af greiðslu lána án þess að slíkt myndi þurrka upp eigið fé bankans á örskotstundu. Sú atburðarás sem átti sér stað í kjölfarið þekkja allir.



Bankarnir hrundu þrátt fyrir gífurlegt regluverk

Ungir sjálfstæðismenn hafna öllum fullyrðingum um að hér á landi hafi frjálshyggjan kollvarpað kerfinu, eins og andstæðingar frelsisins vilja svo oft að orði komast. Vart þarf að taka fram að allt tal um *nýfrjálshyggju* er marklaust enda ekkert til sem heitir nýfrjálshyggja.

Ljóst er að engin atvinnugrein í sögunni hefur þurft að lúta jafnmiklum - og eftir tilvikum flóknum - lögum og reglum og fjármálastarfsemi. Lagaumhverfi fjármálafyrirtækja hér var eins og alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, þótt flest ríki þar hafi ekki þurft að upplifa viðlíka hrun og hér.

Eins og margoft hefur verið bent á var enginn skortur á lögum og reglum um starfsemi bankanna. Þrátt fyrir að hér á landi hafi verið starfrækt fjármálaeftirlit, efnahagsbrotadeild, skattstofur auk þess sem bæði fjármála- og viðskiptaráðuneyti, Kauphöllin, endurskoðunarfyrirtæki og loks stjórnir fyrirtækja og regluvörður áttu að hafa *eftirlit* með starfsemi bankanna varð niðurstaðan engu að síður sú að þeir fóru á hliðina.

Enginn gat séð bankahrunið fyrir enda eru engin dæmi þess að nokkur maður hafi spáð nákvæmlega fyrir um atburðarrásina.

Ungir sjálfstæðismenn hafa ætíð bent á að frelsi fylgi ábyrgð. En til að þeir sem njóti frelsisins umgangist það af ábyrgð þarf að liggja skýrt fyrir að ábyrgðin hvíli á þeim sem njóta ávaxta þess. Því er það fyrirkomulag stórhættulegt að skattgreiðendum sé ætlað að hlaupa undir bagga með einkafyrirtækjum, t.d. bönkum, lendi þeir í vandræðum. Með því er búið að færa ábyrgðina af raunverulegum rekstraraðilum og eigendum bankanna yfir á herðar skattgreiðenda.

Einkavæðingunni ekki kennt um

Sú falska trú að bankar gætu starfað í skjóli óformlegrar ríkisábyrgðar hefur að líkindum átt stærstan þátt í því að skapa bæði það umhverfi ábyrgðarleysis sem virðist hafa einkennt útlánastarfsemi bankanna sem og gífurlegan vöxt þeirra á síðustu árum.

Ungir sjálfstæðismenn hafna því þó að einkavæðing bankanna fyrr á þessum áratug hafi verið mistök enda eru bankar einkareknir víðast hvar á Vesturlöndum. Íslendingar voru töluvert á eftir öðrum þjóðum í að einkavæða ríkisfyrirtæki og það er langt seilst í leitinni að tilbúnum sannleika að ætla að

halda því fram að bankastarfsemi hér á landi hefði verið betur kominn í höndum ríkisins.

Þessu til stuðnings má nefna að Glitnir (áður Íslandsbanki) hafði verið í einkaeigu í áratugi fyrir hrun. Jafnframt má benda þeim sem tala svo að aðrir eigendur að bönkunum hefðu ekki fellt þá, að fall bankana á Íslandi er ekkert einsdæmi. Hundruðir banka hafa fallið um allan heim í þeirri efnahagskreppu sem nú skeykur fjármálakerfi heimsins.

Rétt er að hafa í huga að einkavæðing bankanna hleypti miklu lífi í íslenskt efnahagslíf fyrstu árin eftir einkavæðingu Landsbanka og Búnaðarbanka og ábyrgðin á því hvernig eigendur þeirra fóru með þá eftir það verður seint skrifuð á reikning einkavæðingarinnar.

Ímyndun um ótakmarkaða ríkisábyrgð villandi

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar sýnir að nauðsynlegt er að skera á tengsl ríkisins og bankanna. Sem fyrr segir virðist ímyndin um ótakmarkaða ríkisábyrgð hafa villt stjórnendum bankanna sýn og þar bera stjórnvöld einnig töluverða ábyrgð.

Í því sambandi má nefna að síðustu ár mátu alþjóðleg matsfyrirtæki það sem svo að þrátt fyrir mikla skuldaför bankanna væri íslenska ríkið skuldlaust og því fullfært um að koma bönkunum til bjargar ef á þyrfti að halda. Þar hefðu íslensk yfirvöld átt að setja fótinn niður og lýsa því yfir að bankarnir störfuðu á eigin ábyrgð en ekki skattgreiðenda. Stjórnendur bankanna hefðu einnig mátt sjá að íslensk stjórnvöld væru ekki fær um að koma þeim til bjargar ef í óefni færi.

Við slíka yfirlýsingu stjórnvalda má leiða líkur að því að bankakerfið hefði ekki náð þeirri stærð sem það loksins náði. Ekki verður séð að það hefði skaðað nokkurn þó svo hefði farið.

Við þetta má síðan bæta að af sömu ástæðu á íslenska ríkið ekki að viðurkenna ábyrgð íslenskra skattgreiðenda á misheppnuðum viðskiptagjöfningum íslenskra einkabanka í útlöndum.

Ríkisútgjöld úr böndunum

Ungir sjálfstæðismenn hafna þeim getgátum, sem meðal annars er haldið fram í fyrrnefndri rannsóknarskýrslu, að skattalækkanir undanfarinna ára hafi verið illa ígrundaðar og hvað þá illa tímasettar. Skattar eru, og hafa verið síðustu ár, stærsti útgjaldaliður heimilanna þar sem þau greiða um 40% af tekjum sínum í tekjuskatt og útsvar og allt að 60% allra útgjalda í óbeina skatta. Lækkun skatta um 2-4 prósentustig er ekki til þess fallin að setja hagkerfið á hliðina.

Þenslu síðustu ára má fyrst og fremst rekja til tveggja þátta; mikilla útlána bankanna annars vegar og aukinna útgjalda ríkisins hins vegar. Mikið af útgjöldum hins opinbera fór í stór og kostnaðarsöm verkefni til langs tíma, fjölgun opinberra starfsmanna og útþenslu velferðarkerfisins.

Ekki verður séð að það sé verra að einstaklingar og fyrirtæki ráðstafi sjálf þeim fjármunum sem þau afla en að hið opinbera eyði þeim fyrir hönd þeirra. Verður ekki horft framhjá því það stjórn ríkisfjármála fór úr böndunum síðustu ár.

Með það í huga er jafnframt rétt að taka fram að ætli hið opinbera sér að hafa yfirumsjón með hagstjórn landsins eru skattahækkunar núverandi ríkisstjórnar varla til þess fallnar að auka velferð hér á landi eða hleypa lífi í atvinnusköpun. Á meðan þeir sem halda því fram að fyrrnefndar skattalækkanir hafi verið illa ígrundaðar og ranglega tímasettar segja ekkert um nýlegar skattahækkunar gengur kenningin ekki upp.

Núverandi stjórn SUS hefur áður sagt að Sjálfstæðisflokkurinn beri ábyrgð á mikilli aukningu ríkisútgjalda síðustu ár og sú skoðun hefur ekki breyst. Þegar nánar er að gáð virðist sem svo að eftir árið 1998 hafi útgjöld ríkisins ávallt farið fram úr fjárlögum, sem er með öllu óásættanlegt.

Ljóst er að skattalækkanir og aukin ríkisútgjöld er ekki góð blanda. Ungir sjálfstæðismenn standa þó fast við þá skoðun að einstaklingurinn sé sjálfur betur til þess fallinn en hið opinbera að ráðstafa því fjármagni sem hann hefur unnið sér inn.

Gegnsæi í styrkjámálum

Í skýrslu rannsóknarnefndar er fjallað sérstaklega um styrki til stjórnmalaflokka og einstakra stjórnmalamanna. Hvað sem líður þeirri umræðu er rétt að taka fram að stjórn SUS setur sig ekki upp á mótum því að einstaklingar eða fyrirtæki styrki stjórnmalamenn eða stjórnmalaflokka.



Í einstaka tilfellum, t.d. þegar styrkir berast umfram það sem eðlilegt má teljast eins og gerðist í tilvikum Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, má vissulega spyrja spurninga um áætlun og tilgang slíkra styrkja.

Þetta er hins vegar mál sem hægt er að leysa án þess að hið opinbera hafi milligöngu þar um. Nú er málum þannig háttað í þjóðfélaginu að telja má að almenn krafa sé uppi um að gegnsæi ríki varðandi styrki til stjórnmalahreyfinga. Sú krafa er eðlileg og hefur fullan rétt á sér.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það kjósandinn sjálfur sem ákveður hvort að hann vill gegnsæi í styrkjamálum eða ekki. Ef kjósandi telur að einstaka stjórnmalamaður eða stjórnmalaflokkur hafi ekki gert næga grein fyrir sínum styrktaraðilum hefur hann fullan rétt á því að hafna honum í kosningum.

Stjórnarskráin og lýðræðið ekki áhrifavaldar

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kennir okkur margt og sem fyrr segir varpar hún ljósi á ýmsa atburði sem flestir Íslendingar hefðu væntanlega kosið að þurfa aldrei að upplifa.

Ungir sjálfstæðismenn hafna þó allri umræðu um að hér á landi hafi samfélagið í heild hrunið og því þurfi að byggja það allt upp á nýtt. Þeir sem lengst hafa gengið í þeirri umræðu hafa kallað eftir „nýju lýðræði“ og breyttri stjórnarskrá. Öllu slíku tali ber að hafna.

Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að lýðræðið eða stjórnarskráin hafi orsakað fall bankanna. Hér er einungis um að ræða óskhyggju vinstri manna sem felst í því að festa sósíalisma í sessi með lögum og nýjum lýðræðisvenjum. Ungir sjálfstæðismenn hafna öllum slíkum hugmyndum.

Jafnframt er allt tal um að Íslendingar lifi nú sína verstu efnahagskreppu frá upphafi, ómarkvisst og aðeins til þess fallið að slá ryki í augu almennings. Með slíku tali er gert lítið úr baráttu, dugnaði og þreki þeirra sem á undan okkur hafa gengið. Vart þarf að minna á að á fyrri hluta síðustu aldar var Ísland með fátækari ríkjum í Evrópu.



Frelsið enn mikilvægt

Í kjölfar útkomu skýrslunnar hafa afsagnir stjórnámamanna verið áberandi enda hefur mikil krafa verið um afsagnir, afsökunarbeiðnir og iðrun stjórnámamanna bæði fyrir og eftir birtingu skýrslunnar.

Sú umræða er að vissu marki skiljanleg. Þó verður ekki horft hjá því að hvað sem afsögnum og afsökunarbeiðnum stjórnámamanna líður eru verkefnin sem við þjóðinni blasa stærri en einstaka stjórnámamenn. Sérstaklega skal tekið fram að núverandi ríkisstjórn getur ekki skýlt sér á bakvið það sem kann að hafa átt sér stað í fortíðinni, henni ber að taka á þeim vandamálum sem nú liggja fyrir. Það verður hins vegar ekki gert með skattahækkunum, auknum afskiptum hins opinbera og hvað þá með þunglamalegum lagasetningum og reglugerðum.

Stjórn SUS lítur svo á að frelsið sé einn mikilvægast þáttur mannlífsins. Það gildir jafnt um einstaklinga og fyrirtæki. Í þeim brotum og særingum sem kunna að vera til staðar eftir útkomu skýrslunnar er töluverð hættu á því að stjórnlyndir menn, sem helst starfa í eða fyrir núverandi ríkisstjórnarflokka, nýti sér tækifærið til að auka umsvif ríkisins og festa í sessi óeðlileg ríkisafskipti af einstaklingum og fyrirtækjum. Ungir sjálfstæðismenn leggja að sjálfsögðu gegn öllu slíku.

Enginn stjórnámáflokkur né einstaklingur getur framkvæmt nokkurn hlut og sagst vera að framkvæma vilja þjóðarinnar. Þjóðin er samsett af einstaklingum með sjálfstæðan vilja og ólíkar þarfir.

Hin svokallaða endurreisn hefst aðeins með frjálsu atvinnulífi og frelsi einstaklingsins að leiðarljósi þar sem ábyrgðin er að fullu á herðum einstaklinga og stjórnenda fyrirtækja. Hvað sem fortíðinni líður er ljóst að baráttan fyrir frelsinu er enn í fullum gangi og sjaldan verið nauðsynlegri en nú. Þar munu ungir sjálfstæðismenn halda áfram að leggja sitt af mörkum.